



Nýársávarp
forseta Íslands
Sveins Björnssonar
1. janúar 1952

Kæru áheyrendur.

Enn er ár liðið í aldanna skaut. Eins og önnur ár skilur það eftir misjafnar minningar, sumar sárar, aðrar ljúfar.

Ég hef ástæðu til að þakka sérstaklega fyrir gamla árið, - alla þá alúð og hlýju, sem mér var sýnd sjötugum og í sjúkleika mínum að undanförmu.

Einnig vil ég þakka viðtökur þær, er ég hlaut á ferðum mínum um landið. Ég kom á nýjar slóðir, hitti margt fólk, sem mér var ókunnugt áður eða kunnugt af afspum einni.

Náttúrufegurð Íslands er rómuð af útlendum og innlendum, formfegurð fjallanna hrífur hvern mann. Sífelldur breytileiki í línunum og litum mætir auga ferðamannsins. En fulla nautn af feegurð landsins og annan skilning á því fá menn aðeins með því að kynnast fólkinu, sem byggir það. Þetta hefir verið fyrri reynsla mín á ferðum mínum um landið og staðfestist hún fullkomlega á ferðum mínum í sumar. Kynni mín af fólkinu voru mér mikil uppörvun og ollu mér aldrei vonbrigðum. Hvergi varð ég var við barlóm, vonleysi um framtíðina né vantrú á landið og gæði þess. Víða mátti sjá miklar framkvæmdir undanfarinna ára og fullur áhugi ríkti um að halda í horfinu, bæta við, sækja á brattann. Á þetta við bæði um jarðrækt og aðrar verklegar framkvæmdir.

Ég kom á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri við Arnarfjörð. Þótt fátt minni þar nú á bernskuspor hinnar miklu frelsishetju og aðeins standi eftir af baðstofunni, sem hann fæddist í, einn fallandi veggur, er enn ilmur úr jörðu á þessum stað. Byggðin þar er fámenn og víða annarsstaðar þar sem ég kom hafði safnast saman fleira fólk. En þarna var þó meira af ungu fólki, að því er mér virtist.

Á Hrafnseyri er óbrotinn minnisvarði um Jón Sigurðsson.

Það er gott að höggva í stein minningar um forna frægð og unnin afrek til örvunar síðari kynslóðum, en þjóð, sem horfir fram og vill ekki einungis una við ljóma liðins tíma, þarf fyrst og fremst að leggja alúð við menntun og uppeldi æskulýðsins, sem innan stundar á að leysa hina eldri af hólmi.

Nú á tímum heyrast oft raddir um það, sem miður er í fari íslenskrar æsku, höglífi hennar, gleðifíkn og eyðslusemi. Margt af þessu er rétt og fullkomið áhyggjuefni. En mér finnst ekki ástæða til þeirrar bölsýni, sem stundum gætir í þessu sambandi. Vér skulum minnst þess, að slíkum dómum hefir ekki einungis æska vorra tíma orðið að una. Æskuna og oss hin eldri, sem slíka dóma fellum, virðist stundum skilja mikil höf. Rosknir menn gleyma því sumir furðu fljótt, hvernig þeir voru sjálfir í æsku. Ég vil með þessum orðum benda á, hve skeikulir dómur vorir geta verið og hvetja menn til að vera ekki miður skyggir á kosti unga fólksins en galla þess, til að

sýna skilning og mildi í dómum og leita orsaka þess, sem aflaga fer. Vera má, að nokkur sök finnist hjá þeim, sem eldri eru. Þeir eru margir, sem vanda um við æskulýðinn, en hve margir eru þeir, sem hann getur með stolti tekið sér til fyrirmyndar?

Ef menn krefjast reglusemi, elju og hófsemdar af fólkinu, sem er að vaxa upp, þá verður það að finna þessa kosti í fari þeirra, sem ráða fyrir því. Annars er engin von um árangur.

Vér skulum gera oss ljóst, að æskulýður nútímans hefir ekki ástæðu til að vera hrifinn af allri sinni arfleifð. Vá og voði hafa sjaldan verið tíðari gestir í mannheimi. Þegar æskan og ellin horfast í augu, þá er meiri ástæða fyrir hina eldri til að líta undan.

Ef vér tileinkuðum oss meira af kjarna kristindómsins, þá myndi ferill mannkynsins ekki sýna eins mikla sjálfskapar hörmungar og raun ber vitni. Vér þurfum að tileinka oss meiri sanngirmi, meira umburðarlyndi, meiri góðvild, meiri mildi. Vér þurfum að læra að bera meiri virðingu fyrir skoðunum hver annars þótt oss greini á, en ætla okkur ekki að dæma eða ráða einir.

Það er trúá mín, að þau vandamál séu fá, sem eigi er unnt að leysa með góðvild og gætni.

Æskan og framtíðin eru óaðskiljanleg hugtök. Ef vér viljum skapa þessari þjóð betri tíð en vér búum sjálfir við, þá þurfum vér að leggja alúð við uppeldi ungu kynslóðarinnar. Vér megum ekki láta oss nægja, þótt vér vitum, að oft vaxi styrkir stofnar umhirðulaust á víðavangi, því að kræklurnar eru miklu algengari við slík skilyrði. Ræktun lýðsins er ekki vandaminni en ræktun landsins, en allir vita hvernig fer í þeim efnum, ef menn leggja sig ekki alla fram.

Hver kynslóð á að ala næstu kynslóð upp og láta hana njóta þess besta, sem hennar eigin og fyrri kynslóða reynsla hefir skapað, gera hana skyggna á bresti, sem háðu fortíð og nútíð og benda á brautir, sem geta leitt til meiri farsældar.

Góð menntun, samúð og góðvild eru þau leiðarljós, sem munu leiða oss til betra lífs í landi voru, því að hvorttveggja er gott: landið og fólkið.

Í þeirri trú ána ég öllum Íslendingum árs og friðar.